



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1279

FUNDARBOÐ

**1279. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
25. september 2018 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1801223 - Skýrsla bæjarstjóra 2018

Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 29. ágúst síðastliðnum.

2. 1801200 - Fjárhagsáætlun 2018 - viðauki

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 13. september síðastliðinn viðauka nr. 4 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2018 og vísar viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

3. 1809059 - Aðalskipulag - Grenjar - breyting

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 10. september síðastliðinn var lögð fram skipulagslýsing vegna breyting á aðalskipulagi 2005-2017. Skipulagslýsingin nær til breytinga á aðalskipulagi á svæði Grenja H3, hafnarsvæði.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.

4. 1809055 - Deilisk. Grenjar hafnarsv. H3 - vegna Bakkatúns 30-32

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 10. september síðastliðinn var fjallað um tillögu að breytingu deiliskipulagi Grenja hafnarsvæði H3, vegna Bakkatúns 30 og 32. Í tillögunni felst að byggingarreitir á lóð við Bakkatún 30 og 32 er stækkaður til suðvesturs. Byggingarmgan eykst um 2.500 m².

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Grenja.

5. 1807091 - Deilisk. Sementsreits - v. Faxabraut 11 /sementstankar

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 17. september síðastliðinn var fjallað um breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, vegna Faxabrautar 11. Breytingin felst í að setja upp rykræsigeymslu og þvottaplan á lóð nr. 11 við Faxabraut.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 15. ágúst til og með 14. september 2018, fyrir lóðarhöfum við Faxabraut 9 og Mánabraut 4, 6a og 6b. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Sjórnartíðinda.

6. 1807090 - Garðabraut 1 - grenndarkynning byggingarleyfis.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 17. september síðastliðinn var fjallað um umsókn um að breyta notkun húsnæðisins við Garðabraut 1 úr félagsheimili í starfsmannabústað.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Garðabraut 3, 4, 5, 6 og Skarðsbraut 1, 3 og 5. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 6. ágúst til og með 4. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt.

7. 1807054 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 3

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 10. september síðastliðinn, var fjallað um breytingu á deiliskipulagi í Skógarhverfi 2. áfangi vegna Baugalundar 3. Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt verði að færa bílskúr austanmegin við húsið og samtímis fellur niður bindandi byggingarlína.

Grenndarkynnt var fyrir lóðahöfum á Baugalundi 1, 4, 5, 6, 8, 10 og 12. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynningin fór fram frá 3. ágúst til og með 1. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. 1806232 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Fjólulundur 5-7, grenndarkynning

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 10. september síðastliðinn, var fjallað um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfangi vegna Fjólulundar 5-7. Breytingin felur í sér að breyta bundinni byggingarlínu við Fjólulund 5 og 7.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Fjólulund 4, 6, 8, 9 11 og 13. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 25. júlí til og með 24. ágúst 2018. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. 1806114 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - grenndarkynning Baugalundur 8

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 10. september síðastliðinn var fjallað var um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfangi vegna Baugalundar 8. Breytingin felst í að færa bílastæði og bundna byggingarlínu frá norðvesturhorni lóðarinnar í suðausturhorn.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Baugalund 3, 4, 5, 6 og 10. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 6. ágúst til og með 4. september 2018. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. 1808133 - Deilisk. Skógahverfi 2. áf. - v. Akralundur 13 - 23

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 17. september síðastliðinn var fjallað um breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfangi, vegna Akralundar 13-23. Breytingin felst í að fella niður bundna byggingarlínu.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 24. ágúst til og með 24. september fyrir lóðarhöfum við Eyrarlund 2-4-6, Akralund 7-9-11 og nr 6. Þeim lóðarhöfum sem grenndarkynnt var fyrir, hafa skilað inn samþykki sínu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

11. 1801005 - Fundargerðir 2018 - bæjarráð

3352. fundargerð bæjarráðs frá 13. september 2018.

12. 1801008 - Fundargerðir 2018 - skipulags- og umhverfisráð

90. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 10. september 2018.

91. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 17. september 2018.

13. 1801007 - Fundargerðir 2018 - skóla- og frístundaráð

88. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 18. september 2018.

14. 1801006 - Fundargerðir 2018 - velferðar- og mannréttindaráð

85. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 5. september 2018.

86. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 19. september 2018.

15. 1801015 - Fundargerðir 2018 - Höfði

85. fundargerð stjórnar Höfða frá 23. ágúst 2018.

86. fundargerð stjórnar Höfða frá 31. ágúst 2018.

16. 1801027 - Fundargerðir 2018 - Faxaflóahafnir

171. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 14. september 2018.

172. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 21. september 2018.

Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri.